



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi : Los Dolses

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2018

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til norð-austurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar : 70,50 m²

Stærð verandar : 31,88 m²

Flugvöllur : 40

Strönd : 10

Borg : 5

Golf : 5

- ✓ Geymsla
- ✓ Húsgögn fylgja með

- ✓ Verönd
- ✓ Loftkæling

- ✓ Heimilistæki

Vel skipulögð og rúmgóð íbúð í einum af glæsilegustu íbúðarkjörnum á svæðinu, en hann hefur að geyma þrjár sundlaugar, þar af eina upp hitaða, barna leiksvæði, líkamsræktar aðstöðu, sauna og margt fleira.

Íbúðin er 70,50m² með glæsilegri hjónasvítu með sér baðherbergi, innbyggðum skápum og útgengi út á stóra verönd, einnig er gesta herbergi og auka baðherbergi. Stofa og eldhús í rúmgóðu sameiginlegu opnu rými þar sem einnig er gengið er út á verönd. Með íbúðinni fylgja húsgögn og heimilistæki sem og loftræsting, geymsla og bílastæði í bílkjallara.

Íbúðinni fylgir einnig leiguleyfi.

Skammt er á 18 holu golfvöllinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur skammt frá, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

